

Foreldrafundur 17. nóvember 2020 kl. 17:00-18:00 á TEAMS

Punktur frá fundinum

Dagskrá

- Innlegg frá formanni foreldraráðs – Kristín Finndís Jónsdóttir
- Skólastarfið á haustönn og farið yfir spurningar sem hafa borist – Steinn Jóhannsson rektor
- Stoðþjónusta á tímum COVID-19 – Fríður Reynisdóttir náms- og starfsráðgjafi
- Líðan nemenda – Bóas Valdórsson sálfræðingur
- Umræður og spurningar

Fundinn sóttu 236 foreldrar auk þeirra sem komu fram og voru með innlegg.

Innlegg frá formanni foreldraráðs

Kristín Finndís bauð fólk velkomið á fundinn sem var skipulagður af foreldraráði og stjórnendum skólans. Hún hvatti foreldra til að fylgjast vel með facebook-síðu foreldraráðs sem og heimasíðu skólans. Kristín auglýsti eftir fólki til að starfa með foreldraráði, góðum liðsauka verður tekið fagnandi. Kristín talaði að lokum um mikilvægi þess að koma saman og fara yfir málin og þakkaði stjórnendum fyrir góð viðbrögð.

Skólastarfið á haustönn

Í upphafi erindis síns þakkaði rektor foreldrum og forráðamönnum fyrir góðar ábendingar og krefjandi spurningar til skólans og starfsfólks. Að hans mati skiptir miklu máli fyrir skólann að ræða við foreldra um hvað er efst á baugi í skólastarfinu.

Rektor fór almennt yfir stöðuna og talaði m.a. um að skólastarfið hefði gengið vel þrátt fyrir mismunandi sviðsmyndir. Þær reglur sem eru við lýði mismuna eftir skólaformi og jafnvel innan skóla. MH getur einungis tekið á móti hópum sem ekki blandast öðrum hópum.

Það gekk vel að taka á móti nemendum þegar þeir máttu koma í hús fyrr í haust. Þrátt fyrir blöndun nemendahópa kom ekkert smit upp innan skólans og nemendur og starfsfólk fór eftir reglum sóttvarnaryfirvalda. Bann við blöndun nemendahópa í MH er það sem útilokar að hægt sé að taka á móti nemendum í

hús núna. Einstaka nemendahópar hafa komið að takmörkuðu leyti í skólann, t.d. IB-hópar, en það nám er skipulagt eins og um bekk sé að ræða og engin blöndun milli hópa á sér stað. Það sama gildir um sérnámsbraut sem hefur fengið að koma í hús alla daga frá 10:25-14:10. Einnig hafa einstaka hópar í verklegum greinum komið inn í skólann og er þá tryggt að þeir blandist ekki öðrum hópum.

IB-námið byggir á alþjóðlegri námskrá og þar er lítið svigrúm til að breyta kröfum. Pre-IB fékk að koma í skólann tvo daga í síðustu viku og kemur tvo daga í þessari viku og þeirri næstu. Námskráin gefur lítinn kost á sveigjanleika í námsmati, eins og við getum leyft okkur í hefðbundna stúdentsnáminu, og algengt er að vægi lokaprófa sé 80%. Þessi nemendahópur mun þreyta sín lokapróf í húsi. Próf yfir önnina í IB-náminu eru að jafnaði miklu fleiri en á stúdentsbrautunum.

Skólinn hefur lagt mikla áherslu á að geta tekið á móti nemendum og viljað taka á móti þeim. Því voru það mikil vonbrigði að fá ekki frekari tilslakanir til að geta fengið nemendur í meira mæli inn í skólann.

Rektor fór yfir vinnulag nemenda og útskýrði hvað stendur á bak við hverja einingu í tímasókn og vinnu. Gert er ráð fyrir 18-24 klst. á bak við eininguna. Það þýðir að nemandi sem er t.d. skráður í 36 einingar ætti að eyða 36-48 klst. í námið á viku hverri.

Allar deildir endurskipulögðu námsmat áfanga sinna og í deildum eins og t.d. ensku, íslensku og dönsku var farið yfir í símat í öllum áföngum.

Námsárangur sl. vorönn var í takt við fyrri annir, brotthvarf var ekki meira og úrsagnir úr áföngum á svipuðu róli. Það er jákvætt fyrir kennara og starfsfólk að vita af þessu og það gefur okkur vísbendingar um að við séum á réttri leið.

Stjórnendur framhaldsskólanna hafa fundað 18 sinnum með mennta- og menningarmálaráðherra og fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytis. Þar hefur vilji áfangaskólanna, að fá nemendur í meira mæli í hús, komið skýrt fram. Ein rökin fyrir þeirri hugmynd eru að blöndun nemendahópa fyrr í haust leiddi ekki til smita inni í skólunum. Fyrirkomulagið gekk vel og full ástæða til að hamra á því við sóttvarnaryfirvöld. Ákveðin vonbrigði voru að ekki skyldu koma tilslakanir í þessa átt í nýjustu reglugerð ráðherra. Oft hefur verið vísað til þess hvað er gert í öðrum löndum á þessum fundum en það hefur ekki skilað tilætluðum árangri.

Varðandi næstu önn þá er verið að skoða breytingar á stundatöflu. Þar er gert ráð fyrir að hægt sé að vera í fullu staðnámi, staðnámi og stafrænni kennslu og svo

alveg í stafrænni kennslu. Nokkrar sviðsmyndir koma til greina en aðaláherslan er að fá nemendur í hús og vonum við innilega að reglur muni leyfa það.

Rektor tók fram að hann er afar stoltur af kennurum skólans og hvernig þeir hafa tekist á við þessar erfiðu aðstæður en ekki síður stoltur af nemendum sem hafa lagt sig fram og staðið sig vel.

Að loknum inngangi fór rektor yfir neðangreindar spurningar og má sjá svör með rauðu lettri.

Stoðþjónusta á haustönn

Fríður náms- og starfsráðgjafi fór yfir hlutverk stoðþjónustunnar á haustönn og hvað hefur verið gert. Nemendur hafa verið duglegir að hafa samband og fá ráðgjöf.

Líðan nemenda á haustönn

Bóas fór yfir niðurstöður könnunar sem hefur verið deilt á facebook-síðu foreldraráðs. Almennt er líðan nemenda sambærileg fyrri árum og ekki marktækur munur. Hins vegar sofa nemendur meira og eyða meiri tíma með fjölskyldunni sem er jákvætt. Nemendur hafa verið duglegir að nýta sér sálfræðiþjónustuna.

Spurningar og svör

(Hugleiðingar foreldra um ýmislegt eru ekki settar hér inn)

Athugið að svör við sumum spurningum er að finna í innleggi rektors.

Spurt var hvort einhverjar ráðstafanir hefðu verið gerðar fyrir næstu önn til að geta aukið staðnám.

Við erum að skoða breytingar á stundatöflunni sem auðvelda okkur að vera með staðnám og rafræna kennslu í bland. Nokkrar sviðsmyndir koma til greina og verða þær kynntar.

Spurt var um félagslíf á vegum skólans.

Tónleikar með ýmsum hljómsveitum skólans voru teknir upp í Norðurkjallara og þeim streymt, ráðakynningar voru sendar út í byrjun annar, hraðstefnumót nýnema var á Miklagarði, undankeppnir Gettu betur og Morfís hafa verið haldnar og í síðustu viku var útvarpsvika. Auglýsingar um viðburði er að finna á Instagram, facebook-síðu NFMH og vefsíðu NFMH. Nemendafélagið er að skipuleggja rafræna viðburði að loknum prófum og verða þeir kynntir í byrjun desember.

Spurt var hvort hægt væri að samræma notkun kennara á Innu hvað varðar t.d. skilafresti verkefna, vikuáætlanir og fl.

Góð athugasemd og við munum ítreka þetta betur fyrir næstu önn. Það eru alltaf tækifæri til að samræma notkun.

Spurt var hvernig hægt væri að koma til móts við nemendur sem standa höllum fæti, t.d. í stærðfræði.

Nemendur sem standa höllum fæti hafa verið hvattir til að hafa samband við námsverið.

Spurt var hvort skólinn teldi sig standa undir fræðsluskyldunni það sem af er önninni?

Já, hiklaust. Fræðsluskyldan gengur út á að nemendur okkar eigi kost á að vera í framhaldsskóla en tekur ekki til kennsluformsins.

Spurt var hvort sérstaklega hefði verið hugað að nemendum sem eru í viðkvæmri stöðu á þessari önn?

Já, búið er að hringja í alla nýnema og rúmlega 200 eldri nemendur. Auk þess senda kennarar upplýsingar á náms- og starfsráðgjafa vegna nemenda sem eru

óvirkir og það er haft samband við þá. Einnig hafa kennarar í námsveri aðstoðað stóran hóp nemenda og sálfræðingur skólans hefur verið í sambandi við fjölmarga nemendur. Þá má einnig minnst á að nemendur sérnámsbrautar hafa fengið kennslu í húsi frá kl. 10-14 alla virka daga.

Spurt var um aðstöðuna í prófunum í desember og hvort nemendur hefðu aðgang að kennurum.

Í vor vorum við með aðstöðu á Miðgarði fyrir kennara, náms- og starfsráðgjafa og prófstjóra og munum við gera það aftur núna. Hringt var í nemendur ef þeir voru ekki komnir inn í próf 5 mín eftir að það hófst. Kennarar voru með umræðuþráð opinn, kennslustund opna, tölvupóst opinn ... allar leiðir opnar til að nemendur gætu náð sambandi við kennarann sinn.

Spurt var hvort ekki mætti leggja könnun fyrir foreldra um líðan barna sinna á þessari heima-önn.

Við munum hvetja foreldraráð til að framkvæma könnun á meðal foreldra.

Spurt var um aðgang nemenda að Office365 hugbúnaði.

Allir nemendur MH hafa aðgang að Office365 og eru leiðbeiningar um hvernig það virkar á heimasíðunni. Í ágúst var farið yfir þetta með öllum nýnemum og þau látin tengjast Office365 í gegnum símann sinn og breyta lykilorði.

Spurt var hvernig brautskráningu yrði háttað í desember?

Á þessari stundu er ekki ljóst hvernig framkvæmdin verður. Athöfninni verður streymt og hugsanlega án gesta. Best að fullyrða ekkert fyrr en frekari upplýsingar liggja fyrir um hvaða reglur verða í gildi.

Við þökkum foreldrum kærlega fyrir innsendar spurningar og að mæta á fundinn.